

Garðabær
Gunnar Einarsson bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆ

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	22.10.2018
Málalýkill	00.48
Mál nr.	1810286



Kópavogi, 18. október 2018.

Ágóðahlutagreiðsla 2018

Á síðasta aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ var samþykkt að áfram skuli hluti hagnaðar af starfsemi félagsins árlega greiddur til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar. Jafnframt var áréttað að ætíð eigi að taka mið af meginmarkmiðum fjárfestingastefnu EBÍ við ákvörðun endanlegrar greiðslu.

Meginmarkmið fjárfestingastefnu EBÍ er að greiða aðildarsveitarfélögum árlega út ágóðahlut en með þeim fyrirvara að lágmarkaðar séu líkur á að höfuðstóll skerðist við útgreiðslu. Á aðalfundinum var farið mjög ítarlega í fjárfestingastefnu félagsins og stefnumörkun varðandi ágóðahlutagreiðslu til aðildarsveitarfélaganna.


Stjórn EBÍ hefur það að markmiði að útgreiðsla ágóðahlutans minnki líkur á að gengið sé á eigið fé félagsins til lengri tíma og jafni út sveiflur í greiðslu ágóðahlutans. Til að fullnægja þessum skilyrðum hefur verið litið til meðalhækkunar eigin fjár síðustu þriggja ára og að öllu jöfnu verði ekki greiddur út lægri ágóðahlutur en 50 milljónir og ekki hærri en 250 milljónir.

Eigið fé félagsins hefur hækkað um 3,9 milljónir ef litið er til meðaltals síðustu þriggja ára því ákvað stjórn EBÍ að greiddar verði út 50 milljónir króna til aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2018.

Árið 1998 markaði upphaf ágóðahlutagreiðslna til aðildarsveitarfélaga EBÍ og er ánægjulegt að geta tilkynnt að á núvirði hafa verið greiddir út úr félaginu um **6,4 milljarðar** á þessu tímabili.

Hlutdeild sveitarfélagsins í Sameignarsjóði EBÍ er 3.62 % og greiðsla ársins þann 30. október verður þá hlutfall af kr. 50 milljónum eða kr. **1.810.000.-**

Aðstæður á fjármálamörkuðum hafa ekki alltaf verið hagfelldar en þrátt fyrir það mun félagið áfram hafa það að leiðarljósi að vera traustur bakhjarl í forvarnarstarfi og að ávöxtun félagsins renni til aðildarsveitarfélaganna, íbúum þeirra til hagsbóta.

Með bestu kveðju,

Anna Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri EBÍ.